



**Umsögn námsbrautar í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands
um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn
til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (þingskjal 649 – 427. mál)**

Námsbraut í land- og ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands fagnar því að komið sé fram frumvarp til laga sem ætlað er að tryggja náttúru- og minjavernd með tilliti til aukinnar ferðamennsku betur en raunin hefur verið á undanförunum árum. Engum dylst að náttúra og menningarminjar hafa víða tekið að láta á sjá vegna ágangs sívaxandi fjölda ferðafólks. Afar brýnt er því að taka upp langtímahugsun og sjálfbærnisjónarmið við skipulag ferðamannastaða, -leiða og -svæða ef unnt á að vera að koma í veg fyrir óbætanlegan skaða. Slíkur skaði myndi felast í varanlegu tjóni á þeim fyrirbærum sem um ræðir og þeim gildum sem þau fela í sér, en einnig grafa undan orðspori Íslands sem ferðamannalands og kippa þannig fótunum undan einni mikilvægustu atvinnugrein landsins.

Námsbrautin telur raunar að frumvarpið gangi of skammt. Það fjallar um að gerð skuli áætlun um *uppbyggingu* á ferðamannastöðum/svæðum/leiðum. Til grundvallar slíkri áætlun þyrfti að liggja landsáætlun um *stýringu ferðamennsku*, þar sem lagðar eru skýrar línur um það hvar uppbygging eigi rétt á sér, en einnig um það hvar *ekki* sé rétt að ráðast í uppbyggingu af neinu tagi eða heimila nýtingu náttúru og menningarminja í þágu ferðapjónustu. Löngu tímabært er að ráðast í gerð slíkrar áætlunar. Frumvarpið beinist að því að lágmarka og bæta skaða á stöðum sem þegar eru orðnir að ferðamannastöðum, fremur en að ætlunin sé að setja fram markvissa heildarsýn.

Skilgreiningin á hugtakinu „ferðamannastaður“ er afar víð í frumvarpinu: „Skilgreindur staður sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans og sögu.“ Í raun má segja að þetta geti átt við um sérhvern stað landsins. Hvað getur talist „aðdráttarafl fyrir ferðamenn“ er óskilgreint. Þar með verður hugtakið „ferðamannastaður“ marklítið. Á því hvíla síðan aðrar skilgreiningar frumvarpsins. Forsendur fyrir skilgreiningu staðar sem ferðamannastaðar þurfa að vera skýrari.

Þeir staðir sem fyrst og fremst þarfnast verndar með uppbyggingu innviða eru *fjölsóttir* ferðamannastaðir – staðir sem draga til sín verulegan fjölda ferðamanna nú þegar. Annars staðar kann verndunarmarkmiðum einmitt að vera best náð með því að *koma í veg fyrir* að tilteknir staðir eða svæði verði fjölsótt. Ein leið til þess getur verið að halda uppbyggingu innviða í lágmarki. Á þetta er drepið í greinargerð með frumvarpinu, en það þarf að koma skýrar fram í lagatextanum sjálfum.



VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Loks skal minnt á að vanda þarf vel til verka við hönnun og framkvæmdir af þessu tagi. Þar sem á annað borð hefur verið ráðist í uppbyggingu innviða á fjölsóttum ferðamannastöðum hefur niðurstaðan stundum orðið fremur stórkarlaleg mannvirki sem sjálf sýna náttúrunni takmarkaða virðingu og rýra jafnvel upplifun gestsins. Leita þarf sérfræðipækkingar landslagsarkitekta, arkitekta og hönnuða við allar slíkar framkvæmdir. Tryggja þarf að fagurfræðileg gæði, látleysi og virðing við landslag og náttúru ráði ávallt för.

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Fyrir hönd námsbrautar í land- og ferðamálafræði,
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Katrín Anna Lund, dósent í ferðamálafræði og varanámsbrautarstjóri